Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, undirskrifuð af konungi 13. nóv. 1903 (A nr. 42, bls. 239—253).

Lög um vörumerki, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 43, bls. 254—263).

Lög um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 44, bls. 264—265).

Lög um breyting á lögum 11. nóvbr. 1899 um útflutningsgjald af hvalaafurðum, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 45, bls. 266—267).

Lög um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889, um viðauka við nefnd lög, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 46, bls. 268—269).

Tilskipun er nemur úr gildi bannið gegn því að flytja vopn og skotföng frá Íslandi til Kína, undirskifuð af konungi s. d (A. nr. 47, bls. 270—271).

Auglýsing um staðfesting á reglugjörð fyrir Islandsbanka, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 25. nóvbr. 1903 (A. nr. 48, bls. 272—291).

123 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði Skaptafellsýslu.** Útaf beiðni, 23. nóvbr.
er hingað hefir borizt beina leið, frá stofnendum fyrirhugaðs sparisjóðs Skaptafellssýslu í Vík, vil jeg hjer með veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. janúar næstkomandi að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er sett, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir Gunnari verzlunarstjóra Ólafssyni í Vík í Mýrdal fyrir hönd stofnenda sparisjóðsins.

124 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa Kolfreyjustaðarprestakalli.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, 24. desbr.
og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og beiðni hlutaðeigenda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Kolfreyjustað, præp. hon. Jónas P. Hallgrímsson, taki upp á prestakallið 2700 kr. embættislán, sem endurborgist með 135 kr. árlega á 20 árum auk vaxta, til þess að kaupa til handa Kolfreyjustaðarprestakalli íbúðarhús það úr timbri, sem nú er á staðnum,

31. dag desembermánaðar 1903.

Reykjavík. — Isafoldarprentsmiðja.